



Heilbrigðisráðherra,
Willum Þór Þórsson
Síðumúla 24
105 Reykjavík

Reykjavík 11. mars 2024

Efni: Vegna biðlista eftir þjónustu við börn

Samkvæmt lögum um umboðsmann barna, nr. 83/1994, er það hlutverk embættis umboðsmanns barna að vinna að því að fullt tillit sé tekið til réttinda, þarfa og hagsmuna barna, með því að setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag barna á öllum sviðum samfélagsins. Þá ber umboðsmanni jafnframt að stuðla að því að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálinn, sbr. lög nr. 19/2013, sé virtur ásamt öðrum alþjóðasamningum sem varða réttindi og velferð barna.

Löng bið eftir þjónustu við börn hefur verið viðvarandi vandamál til margra ára. Með það að markmiði að varpa ljósi á raunverulega stöðu barna hefur umboðsmaður barna, frá því í desember 2021, staðið fyrir reglulegri upplýsingaöflun um þann fjölda barna sem bíður eftir þjónustu hjá tilteknum aðilum, þar á meðal Heilsuskóla Barnaspítalans, Heyrnar- og talmeinastöð, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Geðheilsumiðstöð barna og Barna- og unglingageðdeild LSH sem heyra undir heilbrigðisráðherra samkvæmt forsetaúrskurði nr. 6/2022 um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

Upplýsingarnar voru síðast birtar 26. febrúar sl. Þar kom m.a. fram að í byrjun árs 2024 biðu 1567 börn eftir þjónustu hjá Geðheilsumiðstöð barna, þar af beið 1261 barn eftir greiningu vegna gruns um ADHD og/eða einhverfu og var meðalbiðtími frá 18 upp í 30 mánuði. Í lok janúar sl. biðu 797 börn eftir þjónustu hjá Heyrnar- og talmeinastöð. Þessi börn bíða nær öll eftir heyrnarmælingu og sum einnig eftir annarri þjónustu heyrnarfræðinga eða lækna. Meðalbiðtími fyrir börn undir fjöggra ára aldri var 7,1 mánuður og 7,8 mánuður fyrir eldri börn. Þeim börnum sem bíða eftir greiningu hjá Geðheilsumiðstöð barna hefur fjölgað töluvert frá því umboðsmaður barna kallaði fyrst eftir upplýsingum um bið barna eftir þjónustu í desember 2021 en þá biðu 738 börn. Hjá Heilsuskólanum biðu 120 börn í byrjun febrúar sl. og meðalbiðtími var 14,7 mánuðir. Þá höfðu 89 börn beið lengur en 3 mánuði. Hjá Heilsugæslu

höfuðborgarsvæðisins biðu 282 börn eftir því að komast að hjá sálfræðingi, meðalbiðtími var 106 dagar og 150 börn höfðu beðið lengur en 3 mánuði. Að mati umboðsmanns barna er með öllu óviðunandi að börn þurfi að bíða jafn lengi og raun ber vitni.

Í ljósi framangreindra upplýsinga óskar umboðsmaður barna eftir afstöðu heilbrigðisráðherra til þess hvort tilgreindur biðtími barna samræmist þeim almennu viðmiðum sem embætti landlæknis hefur sett um bið eftir heilbrigðisþjónustu en samkvæmt þeim á skoðun hjá sérfræðingi að fara fram innan 30 daga frá því að beiðni er lögð fram og meðferð að fara fram innan 90 daga frá greiningu. Þá óskar umboðsmaður jafnframt eftir upplýsingum um með hvaða hætti ráðherra hafi í hyggju að bregðast við þessari alvarlegu stöðu.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 83/1994, um umboðsmann barna, er stjórnvöldum skylt að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna